

# ÚRSKURÐUR

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 18/1997

Look-O-Look International B.V.

gegn

samkeppnisráði

## I.

Með bréfi, dags. 12. desember 1997, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála 15. desember s.á. kærði Skúli Th. Fjeldsted hrl. f.h. Look-O-Look International B.V., [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 43/1997](#), dags. 13. nóvember 1997.

Í ákvörðuninni bannar samkeppnisráð Íslenskri dreifingu hf. að dreifa vörum með vörumerki sem Einkaleyfastofan synjaði fyrirtækinu um skráningu á þann 31. október 1994. Samkeppnisráð vísaði frá þeim hluta erindis áfrýjanda sem varðar rétt Íslenskrar dreifingar hf. til notkunar á vörumerki sem enn er til ákvörðunar hjá Einkaleyfastofunni. Þá féllst samkeppnisráð ekki á þá kröfu áfrýjanda að verslunum sem hafa framangreindar vörur til sölu verði bönnuð sala þeirra og þeim gert að fjarlægja þær úr verslunum sínum.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði breytt. Gerir áfrýjandi þær kröfur að bann verði sett á dreifingu á vörum Íslenskrar dreifingar hf., annars vegar vörum með vörumerki sem Einkaleyfastofan hefur synjað um skráningu á, og hins vegar vörum með vörumerki sem Íslensk dreifing hf. hefur sótt um skráningu á hjá Einkaleyfastofunni en er enn óútkljáð þar. Þá krefst áfrýjandi þess að verslunum sem hafa framangreindar vörur til sölu verði bönnuð sala þeirra og þeim gert að fjarlægja þær. Ennfremur krefst áfrýjandi þess að viðurlög verði ákveðin eftir því sem við á.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun nr. 43/1997 verði staðfest.

## II.

Forsaga málsins er sú að Íslensk dreifing hf. dreifði á sínum tíma sælgæti fyrir áfrýjanda. Var sælgætið selt í pokum með vörumerki sem áfrýjandi er eigandi að samkvæmt vörumerkjaskráningu nr. 429/1988. Samstarfi aðilanna lauk og fullyrðir áfrýjandi að eftir það hafi Íslensk dreifing hf. misnotað viðskiptavild áfrýjanda og brotið vörumerkjarétt á honum með því að dreifa í stórmörkuðum sambærilegri sælgætisvöru með vörumerki sem er augljós eftirlíking vörumerkis áfrýjanda. Segir í bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar dags. 11. apríl 1997 að áfrýjandi hafi að undanfögnu orðið var við sælgætisvöru þessa í stórmörkuðum. Nánar tiltekið sé um að ræða sælgæti með tvenns konar merkimiðum. Annars vegar merkimiða með vörumerki sem Íslensk dreifing hf. hafði óskað eftir skráningu á hjá Einkaleyfastofunni, en skráningunni var hafnað þar sem það var mat stofunnar að á heildina litið væri það vörumerki og framangreint vörumerki Look-O-Look það svipuð að hætta væri á að almenningur gæti ruglað þeim saman, eða í það minnsta talið að varan sem þau auðkenna væru frá sama framleiðanda. Hins vegar er um að ræða merkimiða með vörumerki sem Íslensk dreifing hf. hefur sótt um skráningu á, en áfrýjandi hefur andmælt þessari skráningu m.a. á þeirri forsendu að neytendur hljóti að ætla að varan sé frá Look-O-Look. Mál þetta er óútkljáð hjá Einkaleyfastofunni. Í framangreindu bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar kærði hann þetta atferli Íslenskrar dreifingar hf. til stofnunarinnar með vísan m.a. til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með kröfu um bann við dreifingu og að varan verði fjarlægð úr verslunum. Jafnframt var krafist ströngustu viðurlaga skv. XIII. kafla laganna. Þá krafðist áfrýjandi þess að verslunum sem hafa vörurnar til sölu verði bönnuð sala þeirra og þeim gert að fjarlægja þær.

Samkeppnisstofnun gaf Íslenskri dreifingu hf. kost á að tjá sig um málið, en það fyrirtæki hafnaði alfarið rökstuðningi áfrýjanda. Krafðist Íslensk dreifing hf. frávísunar samkeppnisráðs á málinu þar sem fyrirtækið hefði ekki brotið samkeppnislög.

Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að dreifing Íslenskrar dreifingar hf. á vöru með vörumerki sem Einkaleyfastofan hefur hafnað skráningu á brjóti í bága við 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga og bannar samkeppnisráð fyrirtækinu að dreifa vörunni. Sá hluti erindis áfrýjanda er varðaði rétt Íslenskrar dreifingar hf. til notkunar á vörumerki sem enn er til ákvörðunar hjá Einkaleyfastofunni var vísað frá samkeppnisráði á þeirri forsendu að réttur til notkunar vörumerkisins væri óljós og því ekki skilyrði til

beitingar 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð féllst ekki á þá kröfu áfrýjanda að verslunum verði gert skylt að stöðva sölu vörunnar og fjarlægja hana úr verslunum á þeirri forsendu að ekki verði séð að verslanirnar hafi með sölu vörunnar á nokkurn hátt brotið gegn samkeppnislögum eða að slíkir hagsmunir séu í húfi að fallist verði á þá kröfu.

### III.

Í bréfi áfrýjanda til áfrýjunarnefndar dags. 12. desember sl. kemur fram að þar sem samkeppnisráð staðfesti að dreifing Íslenskrar dreifingar hf. á vörum með vörumerki því sem Einkaleyfastofan synjaði fyrirtækinu um skráningu á sé ólögmæt telji áfrýjandi sig einnig eiga réttmæta kröfu til að samkeppnisyfirvöld mæli fyrir um að þeim verslunum sem enn kunna að hafa slíka vöru á boðstólum verði gert að fjarlægja þær. Þá féllst áfrýjandi ekki á þau rök samkeppnisráðs að vísa beri frá þeim hluta erindis hans sem varða dreifingu á vörum Íslenskrar dreifingar hf. sem merktar eru vörumerki sem fyrirtækið hefur sótt um skráningu á hjá Einkaleyfastofunni og enn er til ákvörðunar þar. Áfrýjandi bendir á að fram komi í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga að í þeim skuli felast víðtækari vernd auðkenna en felst í firma- og vörumerkjalögum. Telur áfrýjandi það leiða til þess að samkeppnisyfirvöld megi meta þetta málefni sjálfstætt.

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

### IV.

#### Niðurstöður.

Orðaskjal kæruskjals er óljóst hvað varðar kröfugerð áfrýjanda. Þó verður að skýra kröfugerðina á þann veg, að krafist sé 1) að breytt verði þeirri ákvörðun samkeppnisráðs að vísa frá hluta af kröfum áfrýjanda eins og þær voru orðaðar í kröfugerð hans gagnvart samkeppnisráði og 2) að þeim verslunum sem hafa vörunar til sölu, verði bönnuð sala þeirra og þeim gert að fjarlægja vörunar.

Svo sem rakið er hér að framan vísaði samkeppnisráð frá þeim hluta erindis áfrýjanda, er varðaði meintan rétt Íslenskrar dreifingar hf. til notkunar á vörumerki, sem enn er til ákvörðunar hjá Einkaleyfastofunni.

Fallist er á þá niðurstöðu og þær röksemdir samkeppnisráðs, að ekki séu að svo búnu máli lögmæt skilyrði til þess að fjalla efnislega um meintan rétt

Íslenskrar dreifingar hf. til notkunar vörumerkis, sem fyrirtækið hefur þegar sótt formlega um skráningu á hjá Einkaleyfastofunni. Með þeirri skráningarumsókn Íslenskrar dreifingar hf. hefur þeim þætti ágreiningsefna þess fyrirtækis og áfrýjanda, er að vörumerki þessu lýtur, verið markaður fastur farvegur til lögmætrar úrlausnar á vettvangi stjórnsýslunnar. Úrskurður Einkaleyfastofunnar í því máli liggur enn ekki fyrir. Fyrir en að þeim úrskurði gengnum verður ekki skorið úr því á vettvangi samkeppnisyfirvalda, hvort notkun umrædds vörumerkis samrýmist þeim skilyrðum, sem íslensk lög setja þar að lútandi.

Fallast verður á þá afstöðu samkeppnisráðs, að ekki séu efni til að verslunum verði bönnuð sala þeirrar vöru, sem hér um ræðir, og að þeim verði ekki gert skylt að fjarlægja þær. Hvað varðar þær vörur, sem samkeppnisráð bannar Íslenskri dreifingu hf. að dreifa, svo sem skýrlega kemur fram í ákvörðunarorðum hinnar kærðu ákvörðunar, verður að taka undir þau ummæli í forsendum þeirrar ákvörðunar, að ekki verði séð að verslanir hafi með sölu vörunnar brotið gegn samkeppnislögum eða að slíkir hagsmunir séu að öðru leyti í húfi að unnt yrði að fallast á kröfuna. Um sölu á vörum, sem auðkenndar eru með vörumerki, sem nú er til úrskurðar hjá Einkaleyfastofunni, vísast til þess, er fyrir segir um réttarstöðu og úrræði samkeppnisyfirvalda að svo búnu máli.

## V.

### Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 43/1997, dags. 13. nóvember 1997, er staðfest.

Reykjavík, 22. janúar 1998.

Páll Sigurðsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Þórunn Guðmundsdóttir